

ÁRSSKÝRSLA 2017



SSNV

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

EFNISYFIRLIT

Starfsmenn SSNV	bls. 4
Stjórn SSNV 2016–2018	5
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2017	6
Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015–2019	9
Atvinnu- og nýsköpunarsjóður Norðurlands vestra	14
SSNV atvinnuþróun	15
Iðnaðaruppbygging	17
Almenningssamgöngur	18
Áhersla og forgangsroðun verkefna í samgöngum á Norðurlandi vestra	19
Samstarf á vettvangi ferðaþjónustunnar	20
Árþing SSNV	22
Haustþing SSNV	22
Framtíð landbúnaðar á Norðurlandi vestra	23
Ársreikningur	25

STARFSMENN SSNV 2017



Björn Líndal Traustason
framkvæmdastjóri



Katharina Ruppel
skrifstofu- og bókhaldsstörf



Davíð Jóhannsson
atvinnuráðgjafi / ferðamál



Magnús Bjarni Baldursson
atvinnuráðgjafi



Ingibergur Guðmundsson
verkefnastjóri



Sólveig Olga Sigurðardóttir
atvinnuráðgjafi



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
atvinnuráðgjafi



Stjórn SSNV

STJÓRN SSNV 2016-2018

Stefán Vagn Stefánsson formaður
Sveitarfélagið Skagafjörður

Adolf H. Berndsen
Sveitarfélagið Skagatrönd

Sigríður Svavarsdóttir
Sveitarfélagið Skagafjörður

Unnur Valborg Hilmarsdóttir
Húnaþing vestra

Valgarður Hilmarsson
Blönduós



| Fjárrekstur MYND Róbert Daníel Jónsson

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2017

Árið 2017 var að nokkru leyti ár breytinga í starfsemi SSNV. Ársþing 2016 samþykkti þær breytingar á skipulagi samtakanna að efnt skyldi til ársþings að vori og haustþings seinni hluta ársins. Hugmyndin með þessum breytingum var m.a. að auka aðkomu kjörinna fulltrúa að samtökunum. Ársþingið skyldi vera hinn eiginlegi aðalfundur þar sem tekin væru fyrir hefðbundin mál slíkra funda, s.s. skýrsla stjórnar, ársreikningar, stjórnarkjör og þessháttar verkefni. Haustþinginu er hinsvegar ætlað það meginhlutverk að vera vettvangur umræðu um starfsemi samtakanna, áherslur og hlutverk, auk þess að vera vettvangur almennra umræðna um sveitarstjórnarmál og það sem helst brennur á sveitarstjórnarmönnum á hverjum tíma.

Stjórn samtakanna fundaði 12 sinnum á árinu 2017 auk þess sem stjórnarmenn tóku þátt í ýmsum viðburðum, s.s. sameiginlegum fundum landshlutasamtakanna og fundi með stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Einnig fjallaði stjórn um forgangsörðun í samgöngumálum landshlutans þar sem settar voru fram áherslur varðandi vegasamgöngur, í málefnum flugvalla og hafna, almenningssamgöngur og jarðgöng. Einnig var að frumkvæði stjórnar unnið að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög landshlutans og sér nú fyrir endann á þeirri vinnu.

Ársþing samtakanna var haldið þann 7. apríl á Hótel Laugarbakka í Húnaþingi vestra. Ársþingið var nú í fyrsta sinn haldið með nýju sniði. Einungis voru tekin til afgreiðslu hefðbundin aðalfundarmál. Stefnt er að því að bæta aðeins við dagskrá ársþings, t.d. með kynningum á verkefnum sem samtökin eru að vinna að eða með erindum um mál sem brenna á íbúum hverju sinni.

Haustþing var haldið á Hvammstanga þann 20. október. Auk hefðbundinna starfa þingsins fluttu Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jón Gunnarsson, þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, erindi. Að þingstörfum loknum var efnt til ráðstefnunnar Framtíð landbúnaðar á Norðurlandi vestra. Þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ávarpaði ráðstefnuna en auk hennar voru fjölmargir fyrirlesarar með áhugaverð erindi. Markmið ráðstefnunnar var m.a. að fá fram stöðu hefðbundins landbúnaðar en einnig að fræðast um ýmsar greinar sem ekki hafa verið taldar til hefðbundins landbúnaðar fram til þessa, s.s. raforkuframleiðslu, skógrækt og nýja möguleika sem opnast með bættri internettengingu í dreifbýli. Ráðstefnan var ágætlega sótt og einnig var tekin upp sú nýbreytni að ráðstefnunni var streymt á internetinu. Mæltist það afar vel fyrir og er stefnan nú sú að streyma sem flestum opnum viðburðum sem samtökin standa fyrir.

Verkefni samtakanna hafa verið svipuð frá ári til árs þó að auðvitað séu áherslur milli ára breytilegar. Í upphafi ársins 2017 var boðað til ráðstefnu á vegum samtakanna á Laugarbakka í Miðfirði. Ýmis mál voru á dagskrá, s.s. frumniðurstöður könnunar á viðhorfi íbúa landshlutans til ýmissa búsetuþátta og niðurstöður skýrslu um búsetuþróun á Íslandi til 2030. Þá var fjallað um gerð svæðisskipulags. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi kynntu samgönguáætlun sína og fulltrúi Orkustofnunar ræddi um verndar- og orkunýtingaráætlun fyrir Norðurland vestra.

Samstarf SSNV og Markaðsstofu Norðurlands var endurnýjað með samningi, dags. 13. febrúar 2017 og er markmið samningsins að efla ferðaþjónustu í landshlutanum. Samtökin voru áfram aðilar að samstarfi við ferðamálaáætlunina í landshlutanum um Fagræð ferðaþjónustunnar en markmið þess samstarfs er einnig að efla ferðaþjónustuna í landshlutanum. Að mati samtakanna er afar mikilvægt að ferðaþjónustan í landshlutanum vinni saman að þessum markmiðum.

Í mars var undirritaður samningur við verkfræðistofuna Mannvit um greiningu á möguleikum nýrrar iðnaðaruppbyggingar í Austur-Húnavatnssýslu með áherslu á hafntengda starfsemi. Markmið greiningarinnar var að draga fram þau atriði sem máli skipta við staðarval stærri iðnaðarverkefna. Á haustmánuðum var ákveðið að víkka greininguna út þannig að hún tæki til stærri svæðis og má segja að greiningin taki til alls landshlutans. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði kynnt á vormánuðum.

Í maí var undirritaður samstarfssamningur við fjölmiðlafyrirtækið N4 ehf. Markmið þess samnings er að auka umfjöllun miðilsins um atvinnu- og mannlíf í landshlutanum og kynna fjölbreytt tækifæri og áhugaverða nýsköpun, auk þess að kynna svæðið sem áhugaverðan búsetukost. Samstarfið hefur gengið með ágætum og hefur landshlutinn notið góðs af.

Atvinnuráðgjöfin var rekin með svipuðu sniði og fyrri ár en þó var lögð meiri áhersla á hreyfanleika starfsmannar og að ráðgjafarnir sinntu verkefnum þar sem eftirspurnin væri. Þannig var viðvera starfsmanna á starfsstöð ef til vill minni en vinna þeirra fór meira fram hjá viðskiptavininum. Í fámennum hópi starfsmanna skiptir máli að sérfræðipekking nýtist á öllu svæðinu en ekki eingöngu á þeim stað þar sem skrifstofa viðkomandi ráðgjafa er. Von okkar er að þessi tilhögun mælist vel fyrir.

Í upphafi árs voru starfsmenn samtakanna 7 í 6,5 stöðugildum. Á miðju ári var einum starfsmanni, Sólveigu Olgu Sigurðardóttur, ráðgjafa á Sauðárkróki, veitt leyfi frá störfum í eitt ár. Hún fór til starfa hjá sveitarfélaginu



| Óðinshani með unga. MYND Róbert Daníel Jónsson

Skagafirði í tímabundið verkefni. Ákveðið var að framlengja ráðningarsamning við Magnús Bjarna Baldursson, ráðgjafa á Blönduósi, um eitt ár og hefur hann ásamt Sveinbjörgu Rut Pétursdóttur, ráðgjafa á Hvammstanga, sinnt verkefnum sem Sólveig Olga hafði með höndum. Aðrir starfsmenn samtakanna voru í árslok; Davíð Jóhannsson, ráðgjafi á sviði ferðamála, staðsettur á Sauðárkróki, Ingibergur Guðmundsson ráðgjafi og verkefnisstjóri Sóknaaráætlunar, staðsettur á Skagaströnd, Katharina Ruppel bókarari og Björn Línal Traustason framkvæmdastjóri, bæði staðsett á Hvammstanga.

Fjöldmörg önnur verkefni voru unnin á vegum samtakanna. Almenningsamgöngur eru eitt af þessum verkefnum. Verkefnið hefur gengið vel í landshlutanum og hefur verið almenn ánægja með það að flestu leyti. Samningar um verkefnið munu hinsvegar ekki verða endurnýjaðir í núverandi mynd en samningur við Vegagerðina rennur út í árslok 2018. Fjöldmörg verkefni voru einnig unnin undir formerkjum Sóknaaráætlunar Norðurlands vestra. Má þar nefna úthlutun styrkja, ýmis áhersluverkefni, sérstök verkefni vegna viðaukasamninga og gerð kannana meðal styrkþega um umsóknar- og samningsferlið. Um þessi verkefni verður fjallað sérstaklega síðar í skýrslunni. Unnið hefur verið að því að koma á Ungmennaráði Norðurlands vestra og verður sá vettvangur vonandi settur á stofn á árinu 2018. Þá hafa samtökin tekið þátt í samstarfi við önnur landshlutasamtök og Byggðastofnun, auk þess sem samtökin hafa veitt umsagnir um lagafrumvörp og önnur þingmál enda eru samtökin fyrst og fremst hagsmunasamtök sveitarfélaganna í landshlutanum.

Af ofansögðu er ljóst að í nógu hefur verið að snúast hjá stjórn og starfsmönnum samtakanna á árinu 2017. Stjórn þakkar starfsmönnum fyrir vel unnin störf í þágu samfélagsins á Norðurlandi vestra og þakkar jafnframt fyrir ánægjulegt samstarf. Það er von okkar og trú að þau verkefni sem samtökin hafa verið að sinna verði til þess að bæta búsetuskilyrði í landshlutanum okkur öllum til heilla.



Silungsveiði í kvöldsólinni. MYND Róbert Daníel Jónsson

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2015-2019

Árið 2017 er þriðja árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Töluverð reynsla er að komast á framkvæmdina en þó er enn verið að slípa ýmsa þætti er tengjast henni. Framlag ríkisins til samningsins jókst um rúmar 11 milljónir milli ára en auk þess var gerður sérstakur einsskiptis viðaukasamningur að upphæð 14 millj. kr.

MARKMIÐ SÓKNARÁÆTLUNARINNAR

Samkvæmt 1. grein samningsins er markmið hans: „að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna“.

Í 2. gr. samningsins er kveðið á um að gerð sé sóknaráætlun til 5 ára sem sé jafnframt þróunaráætlun landshlutans.

Áætlunin skal ná til fjögurra efnisflokka; a) menningarmála, b) nýsköpunar og atvinnuþróunar, c) uppbyggingu mannauðs og d) lýðfræðilegrar þróunar svæðisins. Sóknaráætlunin skal í það minnsta byggja á: a) greiningu á stöðu svæðisins, b) stefnumótandi áherslum Samráðsvettvangs og c) svæðisskipulagi þar sem það liggur fyrir.

Segja má að Sóknaráætluninni sé skipt í þrennt: a) Sóknaráætlun landshlutans, b) Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra sem hefur svipað hlutverk og fyrrum menningar- og vaxtarsamningar, þ.e. að útdeila styrkjum

til verkefna á sviði menningar og atvinnuþróunar/nýsköpunar og c) Áhersluverkefni sem hafa „beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangsins“.

FJÁRMAGN

Samkvæmt fjárlögum var fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2017 alls 81.707.766 kr. Þá er framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. og vaxtatekjur v/ársins 2016 1.421.661 kr. Alls eru þetta 90.548.427 kr.

Stjórn SSNV ákvað að skipting fjáris árið 2017 yrði sem hér segir: a) Uppbyggingarsjóður 64.000.000 kr., sem skiptist jafnt milli menningarmála og atvinnuþróunar/nýsköpunar b) áhersluverkefni 18.126.766 kr. og c) umsýsla 7.000.000 kr.

Viðaukasamningur 2017

Þann 26. október var undirritaður viðaukasamningur við samning um sóknaráætlun milli SSNV og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Samningurinn felur í sér að ráðuneytið styrkir fjögur skilgreind verkefni en SSNV sér um samskipti við styrkþega og greiðslur styrkja. Þau verkefni sem styrkt voru með samningnum eru:

- a) Áætlunarflug í tilraunaskyni milli Reykjavíkur og Sauðárkróks, 9 millj. kr.
- b) Textílsetur Íslands, vegna ráðstefnuhalds, 2 millj. kr.
- c) Biopol á Skagaströnd, vegna markaðssetningar Vörusmiðju, 1,5 millj. kr.
- d) Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, vegna sýningar um heretuna í Hrútafirði, 1,5 millj. kr.

Rétt er að taka fram að ákvörðun um ofangreind verkefni var tekin af ráðuneytinu.

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS

Samkvæmt samningi um sóknaráætlun Norðurlands vestra felur ríkisvaldið stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, eftirlit og umsýslu með samningnum. Í stýrihópnum sitja fulltrúar allra ráðuneytanna.

Sóknaráætlun landshlutans, tillögur um áhersluverkefni hvers árs og verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs þurfa staðfestingu stýrihópsins. Þá þarf að skila greinargerð um framkvæmd samningsins á hverju ári.

Á árinu 2017 voru tveir fundir með fulltrúum stýrihópsins, 13. mars og 9. okt. í Reykjavík. Á báðum fundum var umræðuefnið fyrst og fremst hönnun rafrænnar umsóknargáttar sem hugbúnaðarfyritækið Prógramm hafði tekið að sér. Auk þess voru töluverð samskipti við starfsmann stýrihópsins um ýmsa þætti í framkvæmd sóknaráætlunarinnar.

SAMRÁÐSVETTANGUR

Í tengslum við gerð Sóknaráætlunarinnar skal skipa Samráðsvettvang sóknaráætlunar Norðurlands vestra með sem breiðustum aðgangi heimamanna og skal vettvangurinn koma að gerð Sóknaráætlunarinnar og funda jafnframt a.m.k. árlega um áherslur hans.



Haförn á flugi. MYND Róbert Daníel Jónsson

Á árinu 2017 var haldinn einn fundur, 27. september. Efni fundarins var sem hér segir:

- a) Hagvöxtur landshluta 2008-2015 - Sigurður Árnason, Byggðastofnun
- b) Sónaráætlanir landshlutanna - framtíðarsýn - Hólmfríður Sveinsdóttir, Samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytinu
- c) Sónaráætlun Norðurlands vestra 2015-2017 – greinargerð - Ingibergur Guðmundsson, SSNV
- d) Vinnuhópar: Sónaráætlun Norðurlands vestra – áherslur 2018-2019
- e) Niðurstöður vinnuhópanna kynntar

Niðurstöður vinnuhópanna eru svo m.a. hafðar til hliðsjónar við mótun áhersluverkefna Sónaráætlunarinnar 2018-2019.

ÁHERSLUVERKEFNI 2017

Áhersluverkefni ársins 2017 voru ákveðin á fundum stjórnar SSNV 17. janúar og 12. september 2017. Áhersluverkefnin eru sex:

- a) Stuðningur við styrkþega Uppbyggingarsjóðs og Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs. Framkvæmd SSNV. Verklök í lok árs 2018.
- b) Heildstæð samantekt á heilbrigðisþjónustu í landshlutanum og samanburður við sambærilegan landshluta. Framkvæmd Rannsóknarsetur HA. Verklök áætluð í mars 2018.
- c) Samgönguáætlun. Framkvæmd SSNV, Efla verkfræðistofa og fl. Verklök áætluð í mars 2018.



| Kerafoss. MYND Róbert Daníel Jónsson

- d) Könnun á möguleikum á smávirkjunum á Norðurlandi vestra. Framkvæmd Mannvit verkfræðistofa Verklok áætluð í maí 2018.
- e) Beint frá býli – stuðningur. Framkvæmd SSNV og fl. Verklok áætluð í apríl 2018.
- f) Kortlagning hverasvæða. Framkvæmd SSNV. Verður boðið út í byrjun janúar 2018. Verklok áætluð í mars 2018.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

Í starfsreglum úthlutunarnefndar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Hér á eftir fylgir því stutt yfirlit yfir starfsemina á árinu 2017.

Starfsreglur úthlutunarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs

Á ársþingi SSNV, 16. október 2015, voru samþykktar starfsreglur fyrir úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs. Reglurnar er að finna á heimasíðu SSNV.

Kjör í úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs

Á ársþingi SSNV, 21. október 2016, fór fram kjör í úthlutunarnefnd og fagráð til tveggja ára:

Úthlutunarnefnd:

Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Ingileif Oddsdóttir, Viggó Jónsson, Leó Örn Þorleifsson og Jóhanna Magnúsdóttir.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar:

Leó Örn Þorleifsson, formaður, Elín Aradóttir, Gunnsteinn Björnsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Hólmfríður Sveinsdóttir.

Fagráð menningar:

Jóhanna Magnúsdóttir, formaður, Sigríður Svavarsdóttir, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Guðmundur Haukur Sigurðsson og Magnús B. Jónsson.

Fundargerðir úthlutunarnefndar er að finna á heimasíðu SSNV.

Úthlutun styrkja 2017

Á fundi stjórnar SSNV, 20. október 2016, voru samþykktar verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2017. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til og með 29. nóvember 2016. Dreifibréf var sent inn á öll heimili og fyrirtæki á Norðurlandi vestra, auglýst var í sjónvarpsvísunum á svæðinu, í héraðsfréttablaðinu Feyki og á rafrænu svæðismiðlunum; feykir.is; huni.is; nordanatt.is. Þá var reglulega minnt á úthlutunina á svæðismiðlunum en einnig voru vinnustofur á svæðinu auglýstar sérstaklega. Auk þessa voru ýmsir svæðispóstlistar notaðir til að auglýsa og minna á umsóknarfrestinn.

Alls bárust 107 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmunum 135 milljónum í styrki. Úthlutunarnefnd vísaði 6 umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo sínar tillögur fyrir úthlutunarnefnd. Á fundum úthlutunarnefndar, 20. og 30. janúar 2017, ákvað nefndin að úthluta 76 umsóknum styrk, alls að upphæð 56.580.000 kr.

Styrkirnir skiptust sem hér segir: a) 10 styrkir voru veittir í stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningarmála að upphæð 14.200.000 kr. b) 51 styrkur var veittur til menningarverkefna að upphæð 20.400.000 kr. c) 15 styrkir voru veittir til atvinnuþróunar og nýsköpunar að upphæð 21.980.000 kr.

Formleg úthlutun styrkja fór fram á veitingastaðnum Sjávarborg, Hvammstanga, 16. febrúar, að viðstöddum hátt í 100 manns, styrkþegum, forsvarsmönnum SSNV og fleirum.

Þar sem ekki hafði verið úthlutað öllum fjármunum til atvinnuþróunar og nýsköpunar þá var auglýst aftur eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til og með 10. apríl 2017. Alls bárust 27 umsóknir þar sem beðið var um rúmar 65 millj. kr. Fimm umsóknum var vísað frá vegna formgalla og ein umsókn var dregin til baka. Að fengnum tillögum fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar samþykkti úthlutunarnefnd að átta umsóknir fengju styrk alls að upphæð 10.600.000 kr.

Listar yfir styrkhafa og önnur atriði er snerta úthlutun styrkja eru á heimasíðu SSNV.



Norðurljós. MYND Róbert Daníel Jónsson

ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

Í september 2016 var undirritaður samningur milli SSNV og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Norðurlands vestra. Samningurinn er til þriggja ára og er framlag ríkisins til sjóðsins 10 milljónir króna á ári. Sérstaklega er horft til mikilvægis þess að byggja upp nýjar þekkingargreinar sem byggja á styrkleikum svæðisins og hæfa ungu, vel menntuðu fólki.

MARKMIÐ SAMNINGSINS ERU:

- a) Til verði ný störf í þekkingargreinum.
- b) Ungu fólki verði gert kleift að hasla sér völl í atvinnulífi á Norðurlandi vestra, t.d. með stofnun eigin fyrirtækja.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar SSNV var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrki í þennan nýja sjóð. Stjórnin ákvað einnig að eftirfarandi reglur myndu gilda: Umsækjendur geta verið einstaklingar á Norðurlandi vestra sem eru 35 ára og yngri eða fyrirtæki í þeirra eigu. Hver styrkur er að lágmarki 2 milljónir króna. Þá var ákveðið að úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs sæju um úthlutun styrkjanna og reglur þess sjóðs giltu eftir því sem hægt væri.

Í lok október 2016 var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til og með 29. nóvember. Alls bárust sjö umsóknir. Þremur umsóknum var vísað frá vegna formgalla en hinum fjórum vísað til fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar til umfjöllunar. Að fengnum tillögum fagráðsins ákvað úthlutunarnefnd að styrkja þrjár umsóknir um alls 9,4 millj. kr.

Aftur var auglýst eftir umsóknum með umsóknarfresti til og með 10. apríl 2017. Alls bárust sjö umsóknir þar sem óskað var eftir rúmunum 21 millj. kr. Einni umsókn var vísað frá vegna formgalla en hinum sex vísað til fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar til umfjöllunar. Að fengnum tillögum fagráðsins ákvað úthlutunarnefnd að styrkja þrjár umsóknir um alls 7.900.000 kr.


Listi yfir styrkþega og önnur atriði er snerta úthlutun styrkja eru á heimasíðu SSNV.

SSNV ATVINNUÞRÓUN

Á árinu 2017 var sem fyrr unnið að margvíslegum verkefnum hjá SSNV atvinnuþróun. Verkefnin sem um ræðir fela í sér fjölbreytta ráðgjöf til frumkvöðla, fyrirtækja, félaga og stofnana. Starf SSNV atvinnuþróunar miðar meðal annars að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á Norðurlandi vestra við þróun viðskiptahugmynda, stofnun fyrirtækja og rekstrarráðgjöf.

Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur eftirspurn aukist eftir ýmiss konar aðstoð við markaðs- og kynningarstarf.

Samtals unnu atvinnuráðgjafar SSNV að 101 verkefni á árinu og hér að neðan má sjá hvernig verkefnin skiptast niður í flokka eftir viðfangsefnum og tíma.



Undanfarin ár hefur langmest verið óskað eftir þjónustu atvinnuráðgjafa í verkefnum tengdum ferða- og veitingaþjónustu, eða 52%, og hefur sá flokkur stækkað undanfarin ár í takt við fjölgun ferðamanna. Til samanburðar má nefna að árið 2011 féllu 27% verkefna í þennan flokk en 48% árið 2014.

Oft á tíðum skarast verkefni tengd SSNV atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að miklu leyti atvinnuþróun/ráðgjöf til styrkþega.

Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins, þ.e. eftirfylgni með verkefnum, og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu.

SSNV stóð fyrir námskeiði í markaðssetningu á samfélagsmiðlum á árinu 2017 og fékk til liðs við sig ráðgjafafyrirtækið Kapital til að sjá um námskeiðið. Námskeiðinu var ætlað að mæta vaxandi þörf viðskiptavina varðandi ráðgjöf í markaðssetningu. Námskeiðið var vel sótt og þátttakendur ánægðir með framtakið.



Bláber. MYND Róbert Daníel Jónsson



| Grágæsarungi. MYND Róbert Daníel Jónsson

ÍÐNAÐARUPPBYGGING

Í lok árs 2016 var undirritaður samningur við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um mat á uppbyggingu nýrrar iðnaðarstarfsemi í Austur-Húnavatnssýslu. Samkvæmt samningnum skal SSNV láta gera greiningu á svæðinu sem gæfi heildstæða mynd af aðstæðum til uppbyggingar nýrrar iðnaðarstarfsemi sem teldist fullnægjandi til að vekja áhuga og svara spurningum þeirra sem eru líklegir fjárfestar í atvinnustarfsemi á svæðinu. Einnig að til verði heildstæð greining á iðnaðarkostum sem henta svæðinu út frá sérstöðu þess. Tekið skal mið af alþjóðlegri tækni- og viðskiptaþróun og skýrri framtíðarsýn um þróun markaða.

Verkefnið var boðið út í lokuðu útboði og var í kjölfarið samið við verkfræðistofuna Mannvit um að vinna greiningarvinnuna og kynningargögn vegna hennar. Því verkefni er nú að ljúka og hefst þá vinna við seinni hluta verkefnisins sem felst í athugun á raunhæfni þeirra iðnaðarkosta sem skoðaðir hafa verið. Þá verður gerð áætlun um beina markaðssetningu gagnvart völdum markhópi og henni hrint í framkvæmd. Unnið er að því með Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu að koma seinni hluta verkefnisins í framkvæmd.



| Álf með ungana sína. MYND Róbert Daníel Jónsson

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

SSNV hefur frá árinu 2011 haft með höndum rekstur almenningssamgangna í landshlutanum undir merkjum Strætó. Í því felst að reka leið 57 (milli Reykjavíkur og Akureyrar) í samvinnu við önnur landshlutasamtök og sjá um akstur frá þéttbýlisstöðum að akstursleið 57. Leið 57 er ekin tvisvar á dag (nema á laugardögum, þá er ein ferð) í hvora átt.

Á árinu 2017 voru ferðir frá Hofsósi um Hóla til Sauðárkróks, til móts við leið 57 og til baka, í boði tvisvar í viku. Ferðir frá Skagatrönd til Blönduóss eru í boði í tengslum við allar ferðir leiðar 57 og sömuleiðis eru ferðir frá Hvammstanga að Þjóðvegi í boði í tengslum við allar ferðir leiðar 57.

Ljóst er að almenningssamgöngur eru mikilvægar fyrir íbúa landshlutans og mætti vel hugsa sér að efla þjónustuna innan hans, t.d. með sérstökum ferðum milli þéttbýlisstaða. SSNV er í þessu verkefni verktaki hjá Vegagerðinni. Samningarnir við Vegagerðina eru til ársloka 2018. Óljóst er á þessari stundu hver framvinda almenningssamgangna verður en ljóst er þó að ekki verður unað við það að þjónustan verði tekin af. Það er því mikilvægt að byggt verði ofaná það kerfi almenningssamgangna sem þróað hefur verið á liðnum árum, burtséð frá því hvort það verði SSNV sem haldi utan um verkefnið eða ekki.

ÁHERSLUR OG FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA Í SAMGÖNGUMÁLUM Á NORÐURLANDI VESTRA

Á árinu 2017 var ráðist í það verkefni að kortleggja samgöngumál landshlutans. Verkefnið hafði verið á döfinni en um mitt ár barst samtökunum erindi frá Samgönguráði þar sem óskað var eftir tillögum heimamanna varðandi forgangsröðun verkefna í samgöngumálum. Við þá vinnu, að forgangsraða verkefnum, var stuðst við stefnu ríkisvaldsins í samgöngumálum 2011 - 2022 og framkvæmdaáætlun í samgöngumálum 2015 - 2018. Ofangreindar áætlanir voru vanfjármagnaðar af hendi ríkisins þannig að allur gangur var á hvort verkefni þeirra áætlana kæmust til framkvæmda.

Aðferðin, sem notuð var við forgangsröðun verkefna í landshlutanum, var sú að leggja til þær framkvæmdir sem þegar væru inni í samgöngu- og framkvæmdaáætlunum ríkisins. Taldi stjórn mestar líkur á því að þau verkefni, sem Vegagerðin og aðrir aðilar innan stjórnkerfisins hefðu samþykkt í þessum áætlunum, hlytu helst brautargengi og væri því réttast að standa saman um þau verkefni. Voru því lagðar fram tillögur í vegamálum, málefnum hafna/sjóvarna og flugvalla, málefnum almenningssamgangna og einnig var lögð fram tillaga varðandi jarðgöng.

Stjórn SSNV hefur haldið þessum tillögum á lofti sem sameiginlegum áherslum í málaflokknum. Ef til vill hefur þessi vinna lagt lóð á vogarskálarnar því að Vegagerðin vinnur nú skipulagsvinnu með sveitarstjórnunum vegna vegarins um Tjarnará á Vatnsnesi og eins vegna Þverárfjallsvegar (Skagastrandarvegar).

Í skýrslunni var einnig lögð þung áhersla á hina miklu viðhalds- og uppbyggingarþörf sem er á flestum vegum landshlutans. Þá voru lögð til verkefni við hafnirnar, aðallega á Skagaströnd og á Sauðárkróki enda eru það umsvifamiklar hafnir. Lögð var áhersla á að Alexandersflugvöllur á Sauðárkróki yrði áfram í grunnneti flugvalla og nú í haust kom svo að þeim langþróaða degi að áætlunarflug hófst á nýjan leik til Sauðárkróks. Afar mikilvægt er að vel takist til og að flugið verði hluti af almenningssamgöngukerfi landsins.

Að lokum var lagt til að gerð yrði rannsókn á hagkvæmni þess að grafa jarðgöng í gegnum Tröllaskaga um Hjaltadal og Hofsdal til Barkárdals að Hörgárdal. Jafnhliða því yrði gerð rannsókn á samfélags- og efnahagslegum áhrifum slíkra jarðganga á samfélögin beggja vegna Tröllaskagans.



| Tveir vinir. MYND Róbert Daníel Jónsson

SAMSTARF Á VETTVANGI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Samstarfsvettvangur ferðaþjónustunnar á Norðurlandi, sem settur var á laggirnar árið 2014, starfaði áfram á árinu undir heitinu Fagráð ferðaþjónustunnar. Hér leggur SSNV til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með fagráði ferðaþjónustunnar sem í sitja fulltrúar ferðamálafélaganna í Húnaþingi vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði. Starfinu sinnir Davíð Jóhannsson.

Með verkefninu er leitast við að; a) skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, b) skjóta sterkari stoðum undir afkomu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra, c) greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, d) styðja við vörubrún og markaðs- og kynningarstarf ferðaþjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem sprottin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitastjórna, stjórnsýslunnar og greinarinnar sjálfrar.

Samstarfið hefur almennt virkað mjög vel og er orðið mun ápreifanlegra og sýnilegra á öllu svæðinu. Meðlimir einstakra félaga eru með tímanum orðnir meðvitaðri og jákvæðari gagnvart gildi samstarfs á stærra svæði og fleiri hugmyndir farnar að kvikna að sameiginlegum verkefnum. Vettvangurinn hefur skapað grundvöll fyrir fleiri faglegar uppákomur sem nýtast öllu svæðinu og voru „Vordagur ferðaþjónustunnar“ í maí í Kakalaskála

Í Skagafirði og „Haustdagur ferðapjónustunnar“ á Skagaströnd í nóvember vel heppnuð dæmi. Einnig eru fagnámskeið á vordögum vonandi að festa sig í sessi í dagatali félagsmanna.

Samráðsvettvangurinn hefur auðveldað svæðinu aðkomu að stærri kynningarverkefnum, s.s. heimsóknum söluaðila sem geta verið fljótur að hafa áhrif með nýjum og auknum viðskiptatengslum inn á svæðið.

Vel hefur verið fylgst með framgangi hins svokallaða DMP-verkefnis, (Áfangstaðaaætlunar) fyrir Norðurland, sem ráðgert er að ljúki á miðju ári 2018 og ætti áætlunin að verða gott verkfæri fyrir greinina á næstu árum. Á vettvangi samstarfsins var lagt upp í samantekt allra þeirra staða, sem teljast til mögulegra viðkomustaða ferðamanna á svæðinu og ætlunin að til séu grunnupplýsingar um þessa staði á einum stað, í hvaða ástandi þeir eru og/eða í hvaða farvegi aðgerðir þeim tengdar eru.

Allt tengist þetta svo þeirri vinnu sem er í gangi á landsvísu varðandi innviðauppbýggingu og málefni, t.d. Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndunar náttúru og menningarsögulegra minja og Framkvæmdsjóðs ferðamannastaða. Í ljósi breyttra úthlutunarreglna þess síðarnefnda stóð SSNV fyrir þremur upplýsingafundum á svæðinu, í júní og í október.

Með samráðsvettvangnum hefur svæðið orðið sýnilegra innan vébanda Markaðsstofu Norðurlands, sem er mikilvægt þegar kemur að hinni eiginlegu markaðssetningu Norðurlands sem áfangastaðar á alþjóðavísu, auk aðkomu ráðgjafa að ýmsum málum henni tengdri, s.s. starfi Flugklasa og undirbúningi hins nýja «Norðurstrandarvegar». Ánægjulegum áfanga var náð í ársbyrjun þegar tókst að koma á fyrsta námskeiðinu í svæðisleiðsögn á Norðurlandi vestra á vegum Farskólans í fleiri ár og á dögnum voru átta svæðisleiðsögumenn útskrifaðir frá Farskólanum.

Þróun fuglastígsverkefnisins (Fuglastígur á Norðurlandi vestra), sem verið hefur á könnu Ferðamálasamtaka NV með vinnuframlagi frá ráðgjafa SSNV, er nú komin á þann stað að grunnhugmyndir um áframhaldandi uppbyggingu hafa verið settar fram og er það nú í hendi landeigenda og sveitarfélaga hve hratt og víðtækt menn vilja ganga fram í að raungera þær tillögur.



MYNDIR Róbert Daníel Jónsson

ÁRSPING SSNV

25. ársþing SSNV var haldið á Hvammstanga 7. apríl 2017, skv. breyttum samþykktum fyrir SSNV sem samþykktar höfðu verið á ársþingi 2016. Fyrir þinginu lágu ársskýrsla og ársreikningar SSNV fyrir árið 2016. Hagnaður varð á rekstri að upphæð rúmar 23 millj. kr.

Á þinginu var samþykkt tillaga um þóknanir til stjórnar og nefnda SSNV fyrir árið 2017, breyting á starfsreglum úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs og skipun samgöngu- og innviðanefndar SSNV.



| Frá ársþingi SSNV 2017. MYNDIR SSNV

HAUSTÞING SSNV

Haustþing SSNV var haldið á Hvammstanga 20. október 2017, skv. breyttum samþykktum fyrir SSNV sem samþykktar höfðu verið á ársþingi 2016. Gestir þingsins voru Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Á þinginu var samþykkt úlyktun er miðar að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra, fjárhagsáætlun SSNV og starfsáætlun SSNV fyrir árið 2018 og tillaga um örnefnaskráningu.



| Rjúpa. MYND Róbert Daníel Jónsson

FRAMTÍÐ LANDBÚNAÐAR Á NORÐURLANDI VESTRA

Að loknu haustþingi SSNV efndu samtökin til ráðstefnu um framtíð landbúnaðar á Norðurlandi vestra. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, landbúnaðarráðherra ávarpaði ráðstefnuna og flutt voru fjölmörg erindi um stöðu landbúnaðar og möguleika á því sviði.

Framsögumenn voru: Haraldur Benediktsson 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis, Sindri Sigurgeirsson formaður Bændasamtaka Íslands, Sigríður Ólafsdóttir ráðunautur, Þórhildur María Jónsdóttir verkefnisstjóri BioPol, Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri, Stefanía Hjördís Leifsdóttir bóndi, Eggert Kjartansson raforkubóndi og Jóhannes G. Þorsteinsson tölvuleikjahönnuður.

Að framsögum loknum var samantekt og umræður. Ráðstefnustjóri var Gísli Einarsson fréttamaður.

ÁRSREIKNINGUR

Sjá bls. 25–36

Samtök sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
Ársreikningur 2017

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnslaga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðaðpróun, atvinnumál menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Tap varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 1.365 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 99.133 þús. kr. En vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu 7 starfsmenn hjá SSNV í 6 ársverkum, auk þeirra störfuðu 20 aðilar í stjórn og nefndum samtakanna. Laun og launatengd gjöld á árinu námu 71,1 millj. kr. .

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru 7 en þau eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduós, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagatrönd, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Skagabúð, 6. apríl 2018.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð féluginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissu en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Skagabúð 6. apríl 2018.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2017

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrartekjur:				
Framlag ríkissjóðs		166.559.263	135.194.574	142.986.709
Framlag sveitarfélaga		31.183.055	31.168.327	31.168.325
Framlag v. almenningssamgangna		27.475.045	26.357.400	26.294.383
Þátttaka annarra í rekstri SSNV		195.000	0	1.127.540
Aðrar tekjur		7.550.026	1.000.000	536.422
		<u>232.962.389</u>	<u>193.720.301</u>	<u>202.113.379</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	71.072.256	67.465.304	70.456.264
Kostnaður vegna almenningssamgangna		27.897.218	21.395.800	22.434.973
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sónaráætlunar		6.673.643	22.533.802	950.255
Markaðs- og kynningarátak		3.345.459	0	0
Styrkveitingar		90.987.003	74.000.000	63.237.800
Stjórnunarkostnaður		37.093.793	35.764.032	27.660.974
		<u>237.069.372</u>	<u>221.158.938</u>	<u>184.740.266</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld)		(4.106.983)	(27.438.637)	17.373.113
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		5.129.080	3.600.000	7.472.630
Fjármagnstekjuskattur		(857.880)	(600.000)	(1.491.309)
Vaxtagjöld		(88.342)	0	(58.677)
		<u>4.182.858</u>	<u>3.000.000</u>	<u>5.922.644</u>
		75.875	(24.438.637)	23.295.757
Áhrif hlutdeildarfélags	3	(1.440.842)	0	0
Rekstrarniðurstaða ársins	4	<u>(1.364.967)</u>	<u>(24.438.637)</u>	<u>23.295.757</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	1,3	0	
Eignarhlutir í öðrum félögum	1	0	46.500
Fastafjármunir samtals		0	46.500
Viðskiptakröfur		9.057.437	21.256.038
Aðrar kröfur		1.772.508	146.069
Handbært fé	1	134.163.555	125.612.555
Veltufjármunir samtals		144.993.500	147.014.662
Eignir samtals		144.993.500	147.061.162
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		99.133.329	100.498.296
Eigið fé samtals	4	99.133.329	100.498.296
Skuldbindingar:			
Skuldbindingar vegna hlutdeildarfélags		940.842	
Langtímaskuldir samtals	1,3	940.842	0
Skuldir			
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður		9.171.126	5.196.485
Skuld við tengda aðila		1.733.291	1.928.291
Ógreiddir styrkir		29.856.600	34.893.590
Áunnið orlof	1	4.158.312	4.544.500
Skammtímaskuldir samtals		44.919.329	46.562.866
Eigið fé og skuldir samtals		144.993.500	147.061.162

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	4	(1.364.967)	23.295.757
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Áhrif hlutdeildarfélags	3	1.440.842	
Veltufé frá rekstri		<u>75.875</u>	<u>23.295.757</u>
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, breyting		10.572.162	(11.533.777)
Skammtímaskuldir, breyting		<u>(1.643.537)</u>	<u>(30.928.259)</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		8.928.625	(42.462.036)
		<u>9.004.500</u>	<u>(19.166.279)</u>
Handbært fé (til) frá rekstri			
		<u>9.004.500</u>	<u>(19.166.279)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð eignarhluta í hlutdeildarfélagi	3	(500.000)	0
Eignarhluti í Starfsendurhæfingu færður út		46.500	
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(453.500)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Útborgun til eigenda vegna uppgjors SFNV		0	(65.249.658)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(65.249.658)</u>
Breyting á handbæru fé		8.551.000	(84.415.937)
Handbært fé í ársbyrjun		125.612.555	210.028.492
Handbært fé í lok ársins		134.163.555	125.612.555

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Framlög sveitarfélaga eru tekjufærð á grundvelli samnings sveitarfélaganna sem að samtökunum standa. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfurétt myndast.

c. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

d. Eignarhlutir í félögum og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði að fráðreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðyrnunar þeirra. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í afkomu samkvæmt hlutdeildaraðferð. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð er bókfærða verðið fært í núll. Færsla frekara taps er þá hætt nema samtökin hafi gengist í ábyrgðir fyrir félagið. Hafi samtökin gengist í ábyrgðir fyrir tapi er færð upp skuldbinding sem ábyrgðinni nemur.

e. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 4,2 millj. kr. í árslok 2017 og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

f. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun	50.761.774	49.579.723
Stjórnarlaun	7.492.660	6.541.124
Launatengd gjöld	12.368.872	11.722.706
Áfallið orlof, breyting	(386.188)	2.538.660
Annar starfsmannakostnaður	40.231	74.051
Framlag til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs (sbr. skýringu 5)	794.907	0
	<u>71.072.256</u>	<u>70.456.264</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	7,0	6,3

Laun framkvæmdastjóra félagsins námu 11,6 millj. kr. á árinu 2017, árið áður námu þau 10,6 millj. kr..

3. Áhættufjármunir

Eignarhluti í hlutdeildarfélagum greinist þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Fært í rekstrarreikning
NVB ehf	33,3%	500.000	0	(1.440.842)

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2017	100.498.296
Rekstrarniðurstaða ársins	(1.364.967)
Staða 31.12.2017	<u>99.133.329</u>

5. Önnur mál

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðanda.

Í upphafi árs 2018 barst Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Menningarráði Norðurlands vestra uppgjör vegna hlutdeildar stofnunarinnar í framangreindu framlagi til Brúar lífeyrissjóðs. Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 7.133.887 kr.. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Skipting þess er eftirfarandi:

- 662.973 kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 5.842.374 kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 628.540 kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar eru 794.907 kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017. Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018.

Sundurliðanir rekstrarreiknings

Rekstrartekjur:

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun Uppb.sjóður	Millifærslur	2017	Áætlun	2016
Framlag ríkissjóðs	30.626.403	22.431.000	113.501.860	0	166.559.263	135.194.574	142.986.709
Framlag sveitarfélaga	3.764.056	20.000.000	7.418.999	0	31.183.055	31.168.327	31.168.325
Framlag v. almenningssamgangna	27.475.045	0	0	0	27.475.045	26.357.400	26.294.383
Þátttaka eigin sjóða í rekstri SSNV	6.000.000	0	0	(6.000.000)	0	0	0
Þátttaka annarra í rekstri SSNV	195.000	0	0	0	195.000	0	1.127.540
Aðrar tekjur	7.496.240	53.786	0	0	7.550.026	1.000.000	536.422
	75.556.744	42.484.786	120.920.859	(6.000.000)	232.962.389	193.720.301	202.113.379

Laun og annar starfsmannakostnaður:

Laun	15.137.570	26.687.376	8.936.828	0	50.761.774	49.033.077	49.579.723
Laun stjórnar	4.761.632	0	2.731.028	0	7.492.660	7.352.729	6.541.124
Mótframlag í lífeyrissjóð	2.412.029	2.996.562	1.235.610	0	6.644.201	6.202.439	6.104.560
Tryggingagjald	1.552.957	2.033.343	919.756	0	4.506.056	3.862.428	4.556.698
Stéttarfélagsgjöld	97.011	834.561	287.043	0	1.218.615	1.014.631	1.061.448
Áfallið orlof, breyting	(386.188)	0	0	0	(386.188)	0	2.538.660
Annar starfsmannakostnaður	39.031	1.200	0	0	40.231	0	74.051
Víðbótarframlag, lífsj. Brú	783.774	11.133	0	0	794.907	0	0
	24.397.816	32.564.175	14.110.265	0	71.072.256	67.465.304	70.456.264

Önnur gjöld í rekstrarreikningi:

Kostnaður vegna almenningssamgangna	27.897.218	0	0	0	27.897.218	21.395.800	22.434.973
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar	0	0	6.673.643	0	6.673.643	22.533.802	950.255
Markaðs- og kynningarátak	3.345.459	0	0	0	3.345.459	0	0
Styrkveitingar	0	0	90.987.003	0	90.987.003	74.000.000	63.237.800
	31.242.677	0	97.660.646	0	128.903.323	117.929.602	86.623.028

Sundurliðanir rekstrarreiknings

Stjórnunarkostnaður:

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun	Millifærslur	2017	Áætlun	2016
Bífreðastyrkur	717.530	0	523.600	0	1.241.130	1.839.407	1.744.050
Dagpeningar	1.116.800	191.618	0	0	1.308.418	1.936.427	1.472.029
Kostnaður vegna verkefna	4.702.950	7.980	320.702	0	5.031.632	13.636.300	3.616.000
Bífreðakostnaður	2.315.356	2.442.068	1.187.530	0	5.944.954	4.149.816	4.829.704
Húsaleiga	863.832	728.734	118.934	0	1.711.500	1.671.029	1.177.713
Sameign, ræsting og viðhald	288.424	234.642	38.599	0	561.665	538.287	704.758
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði SSNV	0	6.000.000	0	(6.000.000)	0	0	0
Sérfræðiaðstoð	7.435.990	0	3.758.681	0	11.194.671	1.653.000	2.552.479
Rekstur tölvukerfis og netþjónusta	2.385.394	149.605	26.946	0	2.561.945	2.239.069	3.201.682
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	90.930	66.892	12.900	0	170.722	1.312.259	1.059.428
Sími og áskriftargjöld	757.029	699.524	286.005	0	1.742.558	1.609.145	1.751.959
Papír, prentun og ritföng	220.443	38.406	13.354	0	272.203	362.624	443.955
Skrifstofubúnaður og viðhald skrifstofubúnaðar	0	0	0	0	0	0	0
Kostnaður við ársskýrslu	25.000	0	0	0	25.000	0	0
Póstburðargjöld og flutningskostnaður	27.893	6.733	47.167	0	81.793	127.835	157.350
Auglýsingar	743.083	0	122.844	0	865.927	940.299	1.165.242
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	2.182.321	980.041	407.408	0	3.569.770	2.890.587	3.087.024
Ábyrgðartryggingar	183.169	0	0	0	183.169	361.861	177.383
Bækur, tímarit og blöð	62.108	0	0	0	62.108	54.723	45.833
Styrkir og framlög	172.663	0	0	0	172.663	0	180.013
Annar kostnaður	391.965	0	0	0	391.965	441.364	294.372
	24.682.880	11.546.243	6.864.670	(6.000.000)	37.093.793	35.764.032	27.660.974
	(4.766.629)	(1.625.632)	2.285.278	0	(4.106.983)	(27.438.637)	17.373.113

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði

ÁRSSKÝRSLA 2017

SSNV

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORDURLANDI VESTRA

Höfðabraut 6 530 Hvammstanga

☎ 455 2510

ssnv@ssnv.is